


30. maí 2024

## Varðar: Stakkholt 4A -fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. apríl 2024 var lögð fram fyrirspurn Róberts Leós Sigurðarsonar, dags. 10. apríl 2024, um rekstur gististaðar í flokki II í húsinu á lóð nr. 4A við Stakkholt.



*Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*



*Deiliskipulag*

### Skipulag í gildi:

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Stakkholti 4A borgarhluta 3 Hlíðar og er á skilgreindu miðborgarsvæði, M1b.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag Hampiðjureits, samþykkt 20. júlí 2006.

### Umsögn

Húsið á lóð nr. 4A að Stakkholti er sjö hæða fjölbýlishús, byggt árið 2014 skv. fateignaskrá. Óskað er eftir álit skipulagsfulltrúa á að heimila rekstur gistihúss í flokki II í íbúð, fnr. 235-0765.

Húsið er staðsett á miðborgarsvæði M1b en í aðalskipulagi segir:

Markmiðið er að efla fjölbreytta atvinnu- og þjónustustarfsemi sem fellur að íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir stofnunum og skrifstofum og sérhæfðri þjónustu, þ.m.t. gistipjónustu. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum húsnæðis. Við jarðhæðir með götuhliðastýringu er verslunar- og þjónustustarfsemi opin almenningi í forgangi. Almennar veitingaheimildir miðsvæða gilda á svæðinu. (Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, 95)

Í lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald segir að rekstrarleyfisskyld gististarfsemi innan þéttbýlis skal vera í samþykktu atvinnuhúsnæði. Í húsinu að Stakkaholti 4A eru eingöngu íbúðarhúsnæði.

Þar sem að um er að ræða íbúðarhúsnæði er ekki hægt að fallast á það að heimila rekstur gistihúss í flokki II í Stakkholti 4A.

### Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið

f.h. skipulagsfulltrúa

Birgitta Rut Skúladóttir Hjörvar